

Aðalfundur landssambands Delta Kappa Gamma á Íslandi
haldinn í Reykjavík sunnudaginn 10. maí kl. 9:30-12:30.

Dagskrá aðalfundar:

- a) kosning fundarstjóra
- b) kosning tveggja fundarritara
- c) skýrsla stjórnar – umræður
- d) reikningar lagðir fram – umræður
- e) árgjald ákveðið
- f) fjárhagsáætlun lögð fram – umræður
- g) kosning forseta landssambands
- h) kosning annarra stjórnarmanna landssambands
- i) kosning í uppstillingarnefnd
- j) kosning tveggja endurskoðenda
- k) lagabreytingar og reglugerðarbreytingar
- l) ályktanir og tillögur sem berast til landssambandsþings
- m) önnur mál

Setning fundar: Forseti landssambands DKG, Guðbjörg M. Sveinsdóttir setti fund, Sigríður Ragna Sigurðardóttir Alfadeild kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi og Krístrún Ísaksdóttir Gammadeild las markmið samtakanna.

Orð til umhugsunar: Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild flutti orð til umhugsunar. Hún þakkaði þann heiður sem henni væri sýndur með viðurkenningu á starfi í þágu samtakanna frá stofnun þeirra á Íslandi. Sigrún gerði að umtalsefni samfélagsumræðuna sem einkenndist af vonleysi og neikvæðni. Hún vitnaði í Pál Skúlason heimspeking og þann fjársjóð sem rit hans og bækur hefðu að geyma til gagns fyrir okkur öll. Meðal þess sem Sigrún deildi með okkur voru þælingar Páls um mikilvægi gagnrýnninnar hugsunar. Sigrún lýsti ánægju með rannsóknir á íslensku skólakerfi og taldi það skilyrði framfara að horfa með gagnrýni á vinnubrögð og orðræðu og finna leiðir til bóta. Ánægjulegt væri að heyra um allt það jákvæða starf sem fram færi í íslenskum skólum, ekki síst í ljósi þeirrar neikvæðu umræðu sem oft heyrðist um grunnskólann. Sigrún lagði áherslu á að við sem borgarar mættum taka okkur á í að beita gagnrýninni hugsun, spyrja um rök og vega og meta sannleiksgildi. Kenna þurfi gagnrýna hugsun í skólum og þjálfar nemendur í að spyrja spurninga. Það væri liður í að skapa jákvæðara samfélag. Spyrja mætti eftir 40 ára starf DKG á Íslandi hvort við höfum lagt eitthvað að mörkum varðandi eflingu á gagnrýninni hugsun og stuðlað að umbótum í menntakerfinu.

Minning látinna félaga: Þorgerður Sigurðardóttir Betadeild minntist tveggja félagskvenna, sem báðar störfuðu að skólamálum á Norðurlandi og voru stofnfélagar í Betadeild.

Þórunn Bergsdóttir var fædd árið 1947, lést 11. maí 2013. Þórunn starfaði sem skólastjórnandi á Dalvík og Akureyri.

Margrét Albertsdóttir var fædd árið 1929, lést 24. febrúar 2014. Margrét starfaði sem kennari á Akureyri.

Báðar voru þær Þórunn og Margrét trúar markmiðum Delta Kappa Gamma, virkar og gefandi í leik og starfi og störfuðu með Betadeild eins lengi og heilsan leyfði. Þeirra er minnst með söknuði og þakklæti fyrir samfylgd og vel unnin störf í þágu samtakanna.

Hefðbundin aðalfundarstörf:

1. **Kosning fundarstjóra.** Tillaga um Jónu Benediktsdóttur lotadeild, samþykkt sem fundarstjóri.
2. **Kosning tveggja fundarritara.** Tillaga um Önnu Sigríði Pétursdóttur og Bryndísi Guðmundsdóttur Etadeild, samþykktar sem ritarar.
3. **Skýrsla stjórnar.** Forseti landssambands DKG 2013-2015, Guðbjörg M. Sveinsdóttir lagði fram skýrslu stjórnar. Hún þakkaði fráfarandi stjórn gott samstarf sem og formönnum nefnda og öðrum sem komið hafa að starfi landssambandsins þetta tímabil. Hún sagði ómetanlegt fyrir forseta að hafa sterkt og gott bakland. Guðbjörg fór yfir störf stjórnar og nefnda. Einkunnarorð þessa tímabils voru *Styrkjum tengsl til framtíðar* og megináhersla lögð á að styrkja innra starf deilda og tengsl kvenna innan samtakanna. Félagskonur eru samtals 338 í 12 deildum um landið. Stjórn hittist á tveimur framkvæmdaráðsfundum haust 2013 og haust 2014 auk eins vinnufundar, aðrir stjórnarfundir átta talsins, voru haldnir gegnum Skype þar sem stjórnarkonur voru búsettar víða um land. Sjá fundargerðir og fréttabréf forseta á vefsíðu samtakanna.

Vorþing 2014 var haldið á Ísafirði undir yfirskriftinni *Skóli á nýjum tímum, lýðræði, sköpun, tækni* og svo landsþing í Reykjavík 2015 undir yfirskriftinni *Að vera tengdur – uppspretta skólaþróunar og skapandi leiða í námi*.

Guðbjörg vakti athygli á námskeiði, DKG stjórnunni, sem félagskonum gefst kostur á að sækja til eflingar í félagsstörfum. Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild heldur námskeiðin fyrir deildir, sem eftir því leita og hefur landssambandið styrkt námskeiðahald með því að borga ferðakostnað. Námskeið þetta felst í ýmis konar þjálfunarleikjum, umræðum og hópavinnu. Alls hafa sjö námskeið verið haldin fyrir 86 konur, sem hefur líkað vel.

Eitt af markmiðum DKG er að hvetja konur til félagslegrar þátttöku í samfélaginu og í því sambandi var auglýst eftir félagskonum til þátttöku í tveimur verkefnum. Kristín Jónsdóttir Gammadeild sótti hugarflugsfund í Höfða vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi og vinnufund Jafnréttisstofu í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og frjáls félagasamtök í tilefni 25 ára afmælis Peking áætlunarinnar.

Tvö þing voru erlendis á tímabilinu. Sumarið 2013 var Evrópuþing í Amsterdam, sem fjölmargar íslenskar konur sóttu og nokkrar með fyrirlestra og kynningar. Þar var Sigrúnu Klöru Hannesdóttur veitt heiðursviðurkenning alþjóðasamtakanna, fyrstri evrópskra kvenna. Sumarið 2014 var alþjóðþing í Indianapolis, sem nokkrar íslenskar konur sóttu og naut forseti þar góðs stuðnings reyndra kvenna í þéttskipaðri og flókinni dagskrá þingsins.

Guðbjörg ítrekaði þakkir til samstarfskvenna allra fyrir samheldni, gott og óeigingjarnt starf sem og þakkir til þeirra fjölmörgu félagskvenna sem komu að starfi landssambandsins þetta tímabil. Umræður voru engar um skýrslu forseta og var hún samþykkt samhljóða með lófaklappi. Sjá fylgiskjal 1.

4. **Reikningar.** Jensína Valdemarsdóttir Deltadeild, gjaldkeri landssambandsins, lagði fram reikninga félagsins og gerði grein fyrir helstu kostnaðarliðum frá 1. mars 2013 til 28. febrúar 2015. Skoðunarmenn reikninga voru, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild og Ragnhildur Þórarinsdóttir Gammadeild. Tekjur umfram gjöld nema 445.357 kr. og eru svo til eingöngu af innkomnum félagsgjöldum og sölu varnings. Hagræðingar hefur verið gætt og ferðakostnaður stjórnar landssambands í algjöru lágmarki. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir samtals krónur 1.699.866 auk 300,60 \$ upphæðar á gjaldeyrisreikningi eða 39.908 kr. m.v. gengi þann 28. febrúar 2015. Reikningar voru samþykktir samhljóða. Sjá fylgiskjal 2.

5. **Árgjald.** Ingibjörg Einarsdóttir Gammadeild lagði fram tillögu um hækkun félagsgjalds til landssambands úr kr. 8.000 í kr. 10.000 frá og með hausti 2015. *Þessi tillaga var lögð fyrir framkvæmdaráð á fundi 6.september 2014 og samþykkt að framkvæmdaráð mæli með samþykki tillögunnar.* Samþykkt samhljóða.

Í umræðu kom fram að efla þurfi þátttöku félagskvenna í þingum landssambandsins, deildir þyrftu hver um sig að taka umræðu, efla neistann í félagsstarfinu og stefna að betri þátttöku á komandi þingum. Fundarkonur tóku undir hvatningu Ingibjargar með lófaklappi.

6. **Fjárhagsáætlun.** Jensína Valdemarsdóttir gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun næstu tvö ár. Lagt er til að deildir kaupi spil og selji með álagningu til fjáröflunar. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða. Sjá fylgiskjal 3.

7. **Kosning forseta landssambands:** Ingibjörg Einarsdóttir Gammadeild, formaður uppstillinganefndar greindi frá störfum nefndarinnar, kallað var eftir tilnefningum frá deildum með bréfi í október 2014. Nefndin gerir tillögu um Eygló Björnsdóttur Betadeild til forseta landssambands. Tillagan samþykkt samhljóða. Stjórnarskipti 1. júlí 2015.

8. **Kosning annarra stjórnarmanna landssambands.** Eftirfarandi tillaga lögð fram: Kristín Jónsdóttir Gammadeild 1. varaforseti, Sigríður Johnsen Kappadeild 2. varaforseti, Inga María Ingvarsdóttir Betadeild meðstjórnandi, Jónína Eiríksdóttir Deltadeild ritari. Tillagan samþykkt samhljóða.

9. **Kosning í uppstillinganefnd.** Eftirfarandi tillaga lögð fram: Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild formaður, Marta Guðjónsdóttir Alfadeild og Guðríður Sigurðardóttir lotadeild. Tillagan samþykkt samhljóða.

10. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.** Eftirfarandi tillaga lögð fram: Árný Elíasdóttir Gammadeild, Hafdís Sigurgeirsdóttir Etadeild. Tillagan samþykkt samhljóða.

11. Lagabreytingar. Hulda Björk Þorkelsdóttir þetadeild lagði fram tvær tillögur um breytingu á lögum og reglugerð.

A. Tillaga að breytingu á 2. gr. 10. lagagreinar sem fjallar um lagabreytingar:

„Tillögur að reglugerð og reglugerðarbreytingum skal senda laganefnd ...“
verði

„Tillögur að lögum, reglugerð og reglugerðarbreytingum skal senda laganefnd ...“.

Laganefnd og stjórn landssambands mælir með samþykkt tillögunnar.

Samþykkt samhljóða. Fylgiskjal 4.

B. Tillaga að breytingum á 2. gr. reglugerðar b-lið:

„4. Eingreiðsla fyrir heiðursfélaga 49,50“.

Þessi tillaga er sett fram til samræmis við samþykkt á alþjóðþingi s.l. sumar, upphæðin var 50\$. Án breytinga kæmi til greiðslu óþarfa kostnaðar til alþjóðasamtakanna.

Laganefnd og stjórn landssambands mælir með samþykkt tillögunnar.

Samþykkt samhljóða. Fylgiskjal 4.

12. Önnur mál. Sigríður Ragnarsdóttir lotadeild þakkar fyrir hönd fráfarandi stjórnar, Guðbjörgu M. Sveinsdóttur forseta ánægjulegt samstarf og færir bók í þakklætisskyni.

Veittur var menntunarstyrkur Delta Kappa Gamma og hlaut hann Guðný Sigríður Ólafsdóttir grunnskólakennari Mýdeild.

Fundarstjóri ræðir mætingar félagskvenna á þing DKG. Umræður um tímasetningu þinga, annríki kvenna og hugsanlegar ástæður fyrir tregri mætingu. Gömul og ný umræða, ýmsar tillögur um tímasetningu ræddar í gegnum tíðina.

Sigríður Jónsdóttir Gammadeild þakkar fræðandi og skemmtilegt þing og hvetur til samsöngs í lokin.

Nýkjörinn forseti, Eygló Björnsdóttir Betadeild ávarpar þingið, þakkar traust, hlakkar til samstarfs og vonast til að Ísland verði áfram „favorite state“ alþjóða samtakanna.

Fundarstjóri segir aðalfundarstörfum lokið, fleira ekki á dagskrá og gaf fráfarandi forseta orðið.

Guðbjörg fráfarandi forseti þakkaði enn frekar ánægjulegt samstarf á liðnu tímabili, hvatti konur til að mæta á Evrópuþingið í Svíþjóð í byrjun ágúst um leið og hún sleit fundi.

Samveru lauk með sameiginlegu borðhaldi, fundarkonur sungu vorlög, sameinaðar hönd í hönd, áður en haldið var út í íslenska vorið.

Aðalfund sátu alls 28 félagskonur.

Anna Sigríður Pétursdóttir fundarritari

Bryndís Guðmundsdóttir fundarritari

Fylgiskjöl á vef samtakanna.

Fylgiskjal 1: Skýrsla landsforseta

Fylgiskjal 2: Reikningar landssambands

Fylgiskjal 3: Fjárhagsáætlun

Fylgiskjal 4: Lagabreytingar